

Íþróttafólk ársins

Íþróttafólk ársins sem BFSÍ útnefnir til verðlauna hjá ÍSÍ er valið út frá tölfræðilegum útreikningi á grundvelli árangurs íþróttafólks á mótum tímabilsins. BFSÍ gefur til viðbótar verðlaun til þeirra sem eru hæstir í tölfræðilegum útreikningi í hverjum bogaflokki fyrir sig.

Útreikningur

Þeir íþróttamenn sem ná að lágmarki 3 af eftirfarandi 4 afreikum fara í útreikning.

- Hefur unnið að lágmarki 2 útslætti á alþjóðlegum stórmótum í einstaklingskeppni (bye og cut teljast sem unnin útsláttur).
- Hæsta skor ársins í undankeppni á vegalengdum í opnum flokki utandyra eða innandyra
- Hefur unnið Íslandsmeistaratitil í opnum flokki á tímabilinu.
- Er meðal 3 hæstu á heimslista fyrir Ísland í opnum flokki einstaklinga.

Formaður BFSÍ getur bætt við einstaklingum í útreikning sem hafa ekki náð 3 af afreikum hér fyrir ofan ef sá einstaklingur hefur skarað fram úr mikið fram úr á annan veg. Formaður skal færa rök fyrir slíkum uppfærslum.

Formaður BFSÍ tilnefnir einstakling til að safna gögnum og sjá um útreikning. Einstaklingi sem sér um útreikning er heimilt að taka úr tölfræði versta mót tilnefndra einstaklinga ef að sú niðurstaða hefur mikil áhrif á heildar tölfræði einstaklings. T.d. ef að keppandi lenti í búnaðarbilun, veiktist eða náði ekki að klára keppni af öðrum orsökum. Stjórn BFSÍ skal gert sjáanlegt þegar tölfræðin er þeim birt hvaða mót hafa verið tekin út samkvæmt þessu ákvæði.

Útreikningur á árangri byggist á: $(\text{fjöldi keppenda} - \text{sæti í undankeppni}) / (\text{sæti í undankeppni} - 1)$.
Tímabilið á árangri er frá 1. nóvember til 31. október hvert ár.

Vægi móta í útreikningi:

- 40% fyrir A mót
- 30% fyrir B mót
- 20% fyrir C mót
- 10% fyrir D mót

Ef að formaður BFSÍ hefur þá skoðun að tölfræðilega valið endurspeglar ekki heildar árangur einstaklinga hefur hann heimild til þess að óska eftir viðbótar útreikningi.

Viðbótar útreikningur á árangri byggist á: $(\text{fjöldi keppenda} - \text{sæti í undankeppni}) / (\text{fjöldi keppenda} - 1) + (\text{fjöldi keppenda} - \text{sæti í útsláttarkeppni}) / (\text{fjöldi keppenda} - 1)$.

Skilgreining móta.

Aðeins mót á vegum BFSÍ teljast til afreka inn í útreikningi (mót þar sem skráningar fara í gegnum BFSÍ).

- A mót : HM, EM, ÓL, EL, HL og slík mót.
- B mót : Heims- og Evrópubikarmót, HM- og EM ungmenna.
- C mót : Önnur heimslistamót og Evrópubikarmót ungmenna.
- D mót : Mót BFSÍ innanlands í opnum flokki NUM og önnur erlend ungmenna mót.

Gerð er krafa um að íþróttafólk ársins séu góðar fyrirmyndir, innan sem vallar sem utan.

Íþróttamaður sem hefur verið dæmdur í bann á tímabilinu hefur fyrirgert sér réttinn til þess að vera tilnefndur.

Ófyrirséð atvik

Stjórn BFSÍ er heimilt er að ógilda tölfræðilega valið undir gífurlega óvenjulegum sérstökum kringum stæðum. Skal val íþróttafólks ársins þá vera byggt á atkvæðum formanna íþróttafélaga innan BFSÍ úr íþróttafólki sem fór í tölfræðilegt val.

Stjórn BFSÍ skal færa ítarleg og skýr rök fyrir notkun þessa ákvæðis.